

Fjarðarbyggð
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



Reykjavík 15. ágúst 2016
UST201607-075/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi opins svæðis í landi Kirkjubóls, á Kirkjubólseyrum á Norðfirði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 11.júlí sl þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi hesthúsa- og búfjárvæðis á Kirkjubólseyrum á Norðfirði. Ofangreind tillaga gerir ráð fyrir hest- og búfjárhúsum sem standa munu á um 20 ha svæði við Kirkjubólseyri.

Umferðarsvæði

Í umfjöllun um umferðarsvæði kemur fram að gert er ráð fyrir nýjum akvegi að Norðfjarðará vestan við Dalahöllina til að tryggja aðgengi ábúenda á á Kirkjubóli að ánni. Einnig er sýndur akvegur að ánni á tillöguupprætti. Ekki kemur fram til hvers ofangreindir ábúendur þurfa aðgengi að ánni og telur Umhverfisstofnun hér vera gert ráð fyrir óþarfa raski á árbakka. Stofnunin bendir á að skv. tillögu að aðalskipulagsbreytingu stendur ekki til að framkvæma nær ánni en 50 m. Að mati Umhverfisstofnunar ætti því að leitast við raska ekki árbakka.

Fráveita

Öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun athugasemd við ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfallst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri